

Nd.

653. Nefndarálit

[184. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (EOI).

Tilgangur þessa frv. virðist vera sá að tryggja áhrif og ítök amerískis auðmagns í íslensku atvinnulífi.

Frv. er samkvæmt því, sem ríkisstjórnin segir í greinargerðinni, samið af erlendum sérfræðingi Alþjóðabankans og yfirlýstur tilgangur þess að vera Alþjóðabankanum til aðstoðar við framkvæmd stefnu hans gagnvart viðkomandi landi. Auðséð er, að Alþjóðabankanum þykja íslensku ríkisbankarnir, sem fyrir eru, of bundnir þjóðlegum hagsmunum og þjóðlegum sjónarmiðum. En Framkvæmdabankinn á að geta „rækt það hlutverk, sem Alþjóðabankinn annars telur sig eiga að rækja gagnvart lántakanda“, eins og ríkisstjórnin orðar það.

Framkvæmdabankinn á að verða sú stofnun, sem Alþjóðabankinn og aðrir amerískir bankar lána fé, og þessi banki á að sjá um, að skilyrðum þeirra verði fullnægt.

Til þess að hinir amerísku bankar geti komið auðmagni sínu inn í atvinnulíf landsins gegnum Framkvæmdabankann, eru honum veitt einkaréttindi, sem engir íslenskir bankar hafa haft fram að þessu, og auk þess réttindi, sem Landsbankinn einn hefur haft.

Framkvæmdabankinn á að geta keypt hlutabréf í fyrirtækjum, tekið lán erlendis án þess að fá leyfi ríkisstjórnar, keypt skuldabréf fyrirtækja, og þar að auki á hann að geta fengið ríkisábyrgð allt að 80 milljónum króna, án þess að Alþingi viti, til hvers konar lántöku. Svo skal hann fyrst og fremst hafa samband við „einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir“.

Það er auðséð á öllu, að þessi banki á að vera milliliður amerískis einkaauðmagns og örfárra íslenskra „einkaaðila“, eða m. ö. o. tæki amerískis auðvalds til þess með aðstoð íslenskra leppa að raka gróða úr beztu auðlindum Íslands, fossunum, og af vinnuafli íslensks verkalýðs við stóriðju í eigu „einkaaðila“, — stóriðju amerískis auðvalds á Íslandi.

Þetta er eitt höfuðverkefnið, sem banka þessum er ætlað. Sé farið að veita amerísku auðmagni inn í íslenskt atvinnulíf, þá er á skömmum tíma búið að eyðileggja efnahagslegt sjálfstæði íslensks atvinnulífs. Amerískt einkaauðvald gleypir það. Það er líka eftirtektarvert, að þessi banki á ekki að styðja ríkisrekstur né framkvæmdir bæjar- og sveitarfélaga á Íslandi, heldur aðeins einkaaðila. Hingað til hefur íslensk þjóð fyrst og fremst hugsað sér stóriðju á Íslandi sem eign ríkisins. En með

Þessu frv. er stefnt að því að gera stóriðjuna að eign örfárra einkaaðila og auka þannig vald fámennrar auðstéttar í landinu yfir vinnandi stéttum landsins.

Fyrsta sporið í þeirri framkvæmd Framkvæmdabankans á að vera að koma áburðarverksmiðjunni í eigu nokkurra einkaaðila. Þess vegna var í þessu frv. ríkisstjórnarinnar ákveðið að afhenda Framkvæmdabankanum allt hlutafé ríkisins í Áburðarverksmiðjunni h/f, 6 millj. kr., sem stofnfé. Lýsti dr. Benjamín Eiríksson því yfir við fjárhagsnefnd Ed., að hann hugsaði sér að selja þessi hlutabréf ríkisins. Þar með væru öll hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar, 10 millj. kr., komin í hendur „einkaaðila“. En ríkisstjórnin hefur áður lýst því yfir, að hún líti á þetta hlutafélag sem eiganda áburðarverksmiðjunnar, þvert ofan í 3. gr. laganna um áburðarverksmiðju, sem mælir svo fyrir, að áburðarverksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun. En ríkið mun alls lána áburðarverksmiðjunni yfir 100 millj. kr., svo að yfirráð yfir hlutafé hennar þýðir yfirráð yfir 110—120 millj. kr. fjármagni og stærsta stóriðjufyrirtæki landsins.

Það er eitt af þeim hlutverkum, sem Framkvæmdabankinn auðsjáanlega á að annast, að koma áburðarverksmiðjunni og öðrum stórfyrirtækjum í eigu einkaaðila.

En sökum þess að upp komst um fyrirætlanir dr. Benjamíns Eiríkssonar, formanns bankamálanefndar og tilvonandi bankastjóra Framkvæmdabankans, og þær voru gerðar alþjóð kunnar með birtingu álits minni hluta fjárhagsnefndar Ed. (Brynjólfs Bjarnasonar), þá hefur nú ríkisstjórnin heykt á því að afhenda Framkvæmdabankanum hlutabréfin í Áburðarverksmiðjunni h/f fyrir kosningar. Þar sem fyrirætlun um sölu þessara hlutabréfa er af amerískum rötum runnin — er ein af tillögum trúnaðarmanna Alþjóðabankans —, þá er því miður lítil vafi á, að þótt 2. liður 3. gr. (um afhendingu nefndra hlutabréfa) sé nú felldur niður, þá mun ameríska auðvaldið láta stjórnarflokkana taka það mál aftur upp eftir kosningar, ef fólkið er ekki á verði.

Fyrirætlunin um að ræna áburðarverksmiðjunni frá íslenska ríkinu er dregin til baka sakir mótmælanna nú fyrir kosningarnar 1953, alveg eins og sú herstöðvakrafa, sem amerískt hervald setti fram 1. okt. 1945, var dregin til baka fyrir kosningarnar 1946, en tekin svo upp aftur eftir kosningar og knúin fram í áföngum 1947—1951.

Framkvæmdabankinn er hugsaður sem innrás og árás amerískts hringaaúvalds á íslenskt atvinnulíf, til þess að leggja undir það og leppa þess íslenskar auðlindir og vinnuafli íslenskrar alþýðu. Alþingi á að fella þennan banka, og felli Alþingi hann ekki, þá á þjóðin að fella þá flokka, sem styðja hann.

Þá er þáttur mótvirðissjóðs einnig einn veigamesti þátturinn í sambandi við stofnun þessa banka. Gegnum þann sjóð ætlar ríkisvald Bandaríkjana að hafa bein, sívaxandi áhrif á íslenskt efnahagslíf. En fyrir þessu máli og hættunni, sem af því stafar, eru gerð svo glögg skil í áliti minni hl. fjhn. Ed. um þetta mál og í fylgiskjölum, er því fylgja, að ég læt hér nægja að vísa til þess.

Einstakar greinar frv. mun ég ekki ræða frekar en orðið er í þessu nál., en mun ræða þær í framsögu.

Ég legg til, að frv. verði fellt, en ná þáð samþykki við 2. umr., mun ég ef til vill reyna með einhverjar brtt. við 3. umræðu.

Alþingi, 28. jan. 1953.

Einar Olgeirsson.